


# Herjólfur, þjóðvegur á hafi

# Herjólfur











# Samgöngur

- Góðar samgöngur grunnstoð
  - Íbúar
  - Fyrirtæki
- Kröfur samfélagins
- Miklar breytingar átt sér stað
  - Landeyjarhöfn
- Samfélagið aðlagast
- Kröfurnar verða meiri



# Farþegar eftir árum




HERJÓLFUR
VESTMANNAEYJAR

# Farþegafjöldi




HERJÓLFUR
VESTMANNAEYJAR

# Siglingar til Landeyjarhafnar




HERJÓLFUR
VESTMANNAEYJAR

# Er þetta sú samgöngubót sem okkur var lofað?

- Ferjan
  - Nýja skipið er hentugra
- Dýpi
  - Dýpkunartímabilum eytt
  - Þurfum öflugra dæluskip
- Landeyjarhöfn
  - Úttekt á höfninni
  - Fastur dælubúnaður
- Ölduhæð
  - 3,5 metrar
- Vindur












HERJÓLFUR
VESTMANNAEYJAR




# Þorlákshöfn

“Hér á árum áður heyrði það til undantekninga að ferðir Herjólf féllu niður”



MORGUNBLAÐIÐ ÞRIÐJUDAGUR 14. FEBRÚAR 1989

HVASSVIÐRI OG RAFMAGNSTRUFLANI

VESTMANNAEYJAR

# Einangrun í 2 sólar-hringa

Vestmannaeyjum.

ÓVEÐRIÐ sem geisað hefur undanfarnar vikur hélt sínu striki um helgina. Austan og síðan vestan stórviðri rótaði upp sjónum að hann var varla fær og voru flest öll skip og bátar í höfn um helgina og lá mikið af loðnuflotanum í höfn í Eyjum frá því um miðja síðustu viku. Landleguballi var slegið upp á Skansinum sl. fimmtudagskvöld en slíkt hefur ekki skeð í áraraðir. Herjólfur varð að fella niður ferðir til Þorlákshafnar á laugardag og sunnudag vegna veðurofsans þannig að engar samgöngur voru milli lands og Eyja frá því á föstudag. Í gær hafði veðrinu slotað og héldu bátarnir þá strax til veiða.

laugardag lagði hann af stað til Þorlákshafnar en sneri við eftir hálftíma siglingu. Jón sagði að þeir hefðu snúið við því að þeir hefðu fengið þær fréttir að ófært væri inn í Þorlákshöfn og allir vegir á landi frá Þorlákshöfn hefðu verið illfærir sökum snjóa og óveðurs. Veðrið á sunnudag var enn verra, mun meiri sjór og hefði ferðin vestur eftir tekið í það minnsta fimm tíma þannig að myrkur hefði verið skollið á við komu til Þorlákshafnar. Ekkert vit hefði verið í því að fara þangað, því það hafi nánast verið ófært eftir hádegi hvað þá þegar myrkur væri skollið á.

„Ég byrjaði á gamla Herjólfi árið 1970 og hef verið í þessum siglingum síðan. Ég man ekki eftir svona stanslausri brælu eins og verið hefur nú. Yfirleitt hefur hann nú dúrað í einn eða tvo daga á milli en svo hefur ekki verið í vetur. Við höfum verið heppnir og ekki orðið fyrir neinum óhöppum en það má ekki mikið út af bera. Skipið er að verða 13 ára gamallt og hefur einungis eina aðalvél þannig að öryggið er ekki mikið og það getur hver maður séð hvað gerast myndi ef vélin stoppaði þegar við erum að sigla með ströndinni í

ur og legið yfir þeim í tvo daga. Þegar þeir drógu þá voru nánast öll netin ónýt. „Það var held ég ein trossa af þessum 7 sem kom þokkalega heil upp, á hinum drógum við bara teinana,“ sagði Matthías.

Á heimstíminu fékk Bylgja á sig brotsjó og missti við það út eitthvað af netum. Óttuðust þeir að netin færu í skrúfuna og kúpluðu því skrúfunni frá. Létu þeir Vestmannaeyjaradíó vita að þeir ættu í basli en eftir að þeir höfðu gengið úr skugga um að ekkert hefði flækst í skrúfu gátu þeir haldið áfram.

„Maður segir nú alltaf, þegar svona brælur ganga yfir á vertíðinni, að aldrei hafi þetta nú verið svona slæmt áður en ég held að það sé ekkert vafamál að það eru orð að sönnu nú. Maður hefur þó alltaf getað haft net í sjó, þó hann hafi brælt, en veðurofsinn nú hefur verið slíkur að það hefur bara ekki verið hægt að hafa veiðarfærin í sjó og ég man ekki eftir slíku fyrr,“ sagði Matthías Óskarsson.

Óskar J. Sigurðsson, vitavörður og veðurathugunarmaður í Stórhöfða, sagði að veðrið um helgina hefði verið all slæmt. Aðfaranótt

FL

# Tjón ar

Flateyri.

Vestan ofs um helgina. sem standa flæddi í nol garður stórs Kristjáns Jól stjóraá Flate það sem unn garðinn í ha hefur verið u hagsáætlun í króna, en ha ónir króna t tjón, sem or

Mikið tjón við Brimnesve og gróðri. Tv höfn voru na tókst að bjar fór. Miklar raf helgina vegn skammtað, e

“Hér á árum áður heyrði það til undantekninga að ferðir Herjólf féllu niður”



# Áhöfnin á Herjólfi- Þau standa vaktina fyrir Vestmanneyinga

## Óvenju margar ferðir fallið niður

Í vetur hafa verið felldar niður 16 ferðir sem er mjög óvenjulegt. Stundum kemur þetta illa við fólk og fyrirtæki. Ívar segist ekki verða



# Veturinn í fyrra var óvenju slæmur

-en ég held að þessi sé að slá allt út , segir Guðlaugur Ólafsson stýrimaður

Guðlaugur Ólafsson, yfirstýrimaður, hefur starfað í tæp þrjú ár á Herjólfi. Áður var hann alvöru sjómaður eins og hann orðar það, bæði á loðnu og trolli. Það liggur því beinast við að spyrja hann hvort ekki sé munur á því að vera um borð í fiskiskipi eða farþegaferju.

„Munurinn er sá að ég veit hvenær ég á að vinna og hvað ég hef í laun þegar ég starfa á Herjólfi. Það er ekki þessi óvissa sem tengist hefðbundinni sjómennsku og ég kann betur við mig um borð í Herjólfi. Ég tók III stigið í Stýrimannaskólanum vegna þess að ég stefndi alltaf á að komast um borð, ég byrjaði sem háseti og nú er ég stýrimaður.“

## Veturinn núna slær allt út

Hefur ekki verið erfitt að vera um borð í þessu tíðarfari?

„Veturinn í fyrra var óvenju slæmur en ég held að þessi sé að slá allt út. Ég held það sé búið að fella niður 15 eða 17 ferðir í vetur en nú erum við með tvær ferðir á dag og alltaf myrkur í seinni ferðinni. Það er eiginlega Þorlákshöfn sem stoppar okkur af og þó svo að búið sé að lýsa upp eins og við óskuðum eftir þá eru enn óvissuþættir. Mér finnst fólk sýna því meiri skilning en áður ef fella þarf ferðir niður og það er aðeins skipstjórinn sem tekur þá ákvörðun. Farþegaskip er ekki sambærilegt við fiskiskip því um borð í fiskiskipum eru sjómenn og þú þarft ekki að hafa áhyggjur af því að fólk



## Slæm umgengni

Guðlaugi finnst vanta skýrari ákvæði um hver á sjá um viðhald á skipinu en það er í eigu ríkisins en Eimskip rekstraraðili. „Umgengni um skipið er alls ekki góð og Eyjafólkið er sérlega slæmt í þeim efnum. Við erum að ferja íþróttahópa víðs vegar af landinu og ég hef tekið eftir að skipið er stundum í rúst eftir íþróttakrakka frá Eyjum. Börnin læra það sem fyrir þeim er haft. Sem dæmi þá voru settir upp nýir sjónvarpstólar á kostnað ríkisins í sjónvarpssalnum. Það var mikil umræða um þá vegna þess að það var ekki að hækka eða lækka stólbökin. Fólk mótmælti þessu með því að skemma bökin og brjóta armana og hélt að þá kæmu nýir stólar. En málið er ekki svo einfalt,við sitjum auðvitað uppi með stólana. Nú ætar Eimskip að skipta um sófa í skipinu en ég hef oft furðað mig á því þegar fólk hallar sér í þá og lætur sér ekki detta í hug að fara úr skónum.

## Lærði siglingafræði en ekki hafnargerð

Nú er ákveðið að fara í hafnargerð í Bakkafjöru, hvernig líst þér á það? Ég segi bara það að ég lærði siglingafræði í 3 ár en ég lærði ekki að hanna hafnir. Ég get ekki keypt það að það séu bara bjánar hjá Siglingastofnun. Það verða byrjunarörðugleikar, það er alveg á hreinu. Fulltrúar Siglingastofnunar boðuðu skipstjóra, stýrimenn og vélstjóra

HERJÓLFUR
VESTMANNAEYJAR

“Hér á árum áður heyrði það til undantekninga að ferðir Herjólf féllu niður”



# óna í dýpkun

**ljarð króna eftir ár, að mati Siglingastofnunar**
**kningar á efnisburði við höfnina endurskoðaðir**



Morgunblaðið/Óli Már Aronsson

**meira og minna síðan Landeyjahöfn var tekin í**
**nig aðstoðað við dýpkun í og við höfnina.**

## Landeyjahöfn

» Herjólfur náði að fara þrjár ferðir í Landeyjahöfn í gær og fjórar á laugardag.

» Skipið siglir hins vegar til Þorlákshafnar í dag og næstu daga, eða a.m.k. til fimmtudags, vegna mjög óhagstæðrar ölduspár.

» Umframkostnaður Herjólfs við að sigla í Þorlákshöfn í stað Landeyjahafnar er allt að 1,5 milljónum kr. á dag.

» Frá því að Landeyjahöfn var tekin í gagnið í lok júlí 2010 til síðustu áramóta náði Herjólfur að fara þangað 429 ferðir af 572 áætluðum, eða 75%.

» Til Þorlákshafnar voru þá farnar 119 ferðir (20,8%) og 24 áætlaðar ferðir voru felldar niður, eða 4,2% allra ferða.

# “Hér á árum áður heyrði það til undantekninga að ferðir Herjólf féllu niður”

Vestmannaeyjum 8. mars 2012 | Verð kr. 350 | Sími 481-1300 | www.eyjafrettir.is



var haldin í kjölfarið á Skapandi dögum í skólanum. Þar leggja nemendur skólabækurnar til hliðar og myndlist og matargerð. Þessar ungu stúlkur stilltu sér upp fyrir ljósmyndara Frétta á árshátíðinni, sem var glæsileg. Nánar er fjallað um Skapandi daga í miðopnu Frétta.

## Sami fjöldi ferða fallið niður

Herjólfur hefur siglt til Þorlákshafnar það sem af er árinu og að sögn Gunnlaugs Grettissonar, rekstarstjóra Herjólfs, hafa 11 ferðir verðið felldar niður á þessu ári.

Margir hafa undrað sig á hve oft ferðir hafa verið felldar niður á þessu ári en Herjólfur sigldi ekki í gær, miðvikudag, enda vitlaust veður og haugasjór. Samkvæmt upplýsingum Gunnlaugs er staðan svipuð og á sama tíma og í fyrra.

Á þessu ári var fyrri ferð 8. janúar felld niður og báðar ferðir 9. janúar. Báðar ferðir skipsins voru felldar niður 18. janúar og fyrri ferðir 23. janúar og 26. janúar. Í febrúar voru felldar niður seinni ferðir þann 4. og 7. febrúar og fyrri ferð 24. febrúar. Fyrsta ferðin í marsmánuði var felld niður í gær, 7. mars.

„Við höfum siglt 122 ferðir það sem af er árinu 2012 en þurft að fella niður 11 ferðir þ.e. 9%. Niðurfelldar ferðir eru nákvæmlega jafn margar og í fyrra 2011 þ.e. 11 ferðir. Árið 2010 voru felldar niður tvær ferðir á sama tímabili og aðeins ein ferð á sama tímabili 2009. Aftur á móti voru felldar niður 10 ferðir á sama tímabili árið 2008,“ sagði Gunnlaugur en ölduhæð hefur verið óvenjumikil síðustu daga.

HERJÓLFUR
VESTMANNAEYJAR

“Hér á árum áður heyrði það til undantekninga að ferðir Herjólf féllu niður”

# Erfiður vetur er að baki

● Herjólfur loks í Landeyjahöfn ● Aldrei fleiri ferðir verið felldar niður
● Ferðirnar taka enn mið af sjávarföllum ● 2.914 ferðir Steinars skipstjóra

Sigurður Bogi Sævarsson
Andri Steinn Hilmarsson

Vestmannaeyjaferjan Herjólfur sigldi í Landeyjahöfn síðdegis í gær, það er fyrstu ferðina síðan í nóvemberlok í fyrra. Á síðustu dögum hafa dæluskip verið notuð til að fjarlægja sand frá höfninni svo þar er nú orðið fært inn á flóði.

„Sundið milli lands og Eyja var spegilslétt og siglingin gekk vel. Minnsta dýpi undir skipið í Landeyjahöfn var 2,5 metrar og það er feikinóg. Þó á eftir að dæla talsvert miklu af sandi enn, svo skipið komist líka inn á fjöru,“ sagði Steinar Magnússon, skipstjóri á Herjólfi, í samtali við Morgunblaðið.

Mikil gleði var á meðal Eyjamanna í gær þegar Eimskip tilkynnti að Herjólfur myndi sigla sína fyrstu ferð til Landeyjahafnar síðdegis. Gunnlaugur Grettisson, rekstrarstjóri Herjólfs, segir aðstæður hafa verið eins og best verður á kosið, fyrir utan dýpið, en Herjólfur sigldi inn á flóði í gær. Björgun ehf. vinnur áfram að dýpkun hafnarinnar og segir hann að fyrst um sinn taki áætlunarferðir Herjólfs mið af sjávarföllum.

Gunnlaugur Kristjánsson, forstjóri Björgunar, segir enn dálítið magn ótekið í höfninni en góðar horfur séu um framhaldið.



**Í brúnni** Steinar Magnússon, skipstjóri, segir veturinn hafa verið erfiðan

### Höfnin er aðeins hálfbyggð

Alls 119 manns og 40 bílar voru með ferjunni í Landeyjaferðinni í gær. „Þessarar ferðar hefur verið beðið með óþreyju því Eyjamenn eiga allt sitt undir góðum samgöngum. Og nú er þetta að komast í lag og einn sagði við mig í dag að þegar orðið væri fært í Landeyjar færi sólin loksins að skína skærar,“ segir Steinar skipstjóri.

Hann segir að í vetur hafi veður oft verið leiðinlegt við suðurströndina og suðvestlægar áttir ríkjandi. Legið hefði í brælu og öldutíð verið mikil. „Við höfum aldrei fellt jafn margar ferðir niður og í vetur því bæði siglingaleiðin og eins innsiglingin í Þorlákshöfn getur verið erfið.“

Steinar kveðst vel skilja óþol fólks í Vestmannaeyjum yfir því að samgöngur séu í ólagi, það er að ferjan hafi ekki náð í Landeyjahöfn í rúma fimm mánuði.

„Menn verða þó að hafa í huga að mannvirkið er aðeins hálfbyggt. Það er mjög aðkallandi að reistir verði varnargarðar sem næðu lengra út og myndu umlykja þá sem nú eru ystir. Slík framkvæmd er brýn og myndi fjölga þeim dögum sem fært væri í höfnina. Ný ferja myndi ekki leysa vandann nema að litlu leyti,“ segir Steinar sem hefur verið til sjós hjá Eimskip frá árinu 1963 og siglt um öll heimsins höf. Á Herjólfi hefur Steinar verið síðan 2007.

### Nær senn 3.000 ferðum

„Það er gaman að eiga samskipti við Eyjamenn sem láta sig Herjólf miklu varða, enda er þetta þeirra þjóðvegur. Í þessum töluðum orðum er ég kominn með nákvæmlega 2.914 ferðir til og frá Eyjum og mér reiknast svo til að fyrri hlutann í júní nái ég 3.000 ferða takmarkinu,“ segir Steinar sem verður í brúnni á Herjólfi út október næstkomandi – en lætur þá af störfum vegna aldurs.

HERJÓLFUR
VESTMANNAEYJAR

“Hér á árum áður heyrði það til undantekninga að ferðir Herjólf féllu niður”

Tilkynning frá Herjólfi:

## Herjólfur – niðurfelldar ferðir

17.febrúar'15 | 06:42




Eins og Eyjafólk og landsmenn flestir hafa orðið varir við hefur veturinn í vetur verið einkar erfiður og hver lægðin rekið aðra. Það sem af er ári hafa nokkrar ferðir Herjólfs verið felldar niður til Þorlákshafnar. Ljóst er að ein niðurfelld ferð er einni ferð of mikið fyrir þann sem hafði fyrirhugað að ferðast með þeirri ákveðnu ferð og á því er fullur skilningur. Umræðan er eðlileg en getur því miður stundum verið óvægin.

Þegar skoðaður er fyrsti einn og hálfur mánuður ársins og hann borinn saman við sama tímabil sl. fjögur ár kemur í ljós að fjöldi niðurfelldra ferða var svona, árið 2011 níu ferðir, 2012 níu ferðir, 2013 ein ferð, 2014 ein ferð og í ár tíu ferðir þar af fjórar á síðustu viku en sigldar ferðir á sama tíma í ár alls áttatíu og tvær. Aðrir ferðaþjónustuaðilar hafa einnig þurft að fella niður fleiri ferðir en oft áður s.s. Flugfélag Íslands eins og fram kom í viðtali við Árna Gunnarsson forstjóra flugfélagsins í síðustu viku.

Hjá Herjólfi er þetta allt háð sjólagi og veðri sem erfitt er að eiga við. Þegar ákvörðun er tekin um að fella niður ferð er það eingöngu gert með öryggi farþega, áhafnar, farms og skips að leiðarljósi og allt tal um niðurfellda ferð vegna mögulegrar sjóveiki farþega á ekki við rök að styðjast. Eðli málsins samkvæmt getur fólk haft misjafna skoðun á þeirri ákvörðun og í einhverjum tilfellum getur sjólag batnað fyrr en spá og/eða raunstaða gaf fyrirheit um og í þeim tilfellum getur verið gott að vera vitur eftir á.

Eimskip stendur þétt að baki skipstjórum Herjólfs og treystir þeim fullkomlega til að taka þessar stundum erfiðu ákvörðun en minnir á að misjöfn reynsla getur kallað á misjafna ákvörðun en eins og áður segir er öryggi haft að leiðarljósi á öllum stundum.

Virðingarfyllst

EIMSKIPAFÉLAG ÍSLANDS HF.

HERJÓLFUR
VESTMANNAEYJAR

“Á undafórnum árum hafa ferðir Herjólfs milli lands og Eyja verið felldar æ oftar niður vegna veðurs”




HERJÓLFUR
VESTMANNAEYJAR

“Á undaförnum árum hafa ferðir Herjólfs milli lands og Eyja verið felldar æ oftar niður vegna veðurs”




- 2019 – engin ferð felld niður
- 2020 – 19 ferðir felldar niður
- 2021 – 7 ferðir felldar niður
- 2022 – 24 ferðir felldar niður

# 2022

| | | | | Ölduhæð | | | | m/sek Stórhöfði | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Janúar** | **Athugasemdir** | **07:00** | **16:00** | Surtsey | | Grindavík | | meðalvindur | Vindhviða |
| 5.jan | Ekki siglt seinni part dagsins | | x | | 6,91 | | | 28,1 | 36,8 |
| 6.jan | Engar siglingar | x | x | 9,63 | 8,38 | | | 24,8 | 31,6 |
| 12.jan | Engar siglingar seinni part dags | | x | | 7,09 | | | 21,4 | 30,1 |
| 22.jan | Engar siglingar fyrri part dags | x | | | 7,25 | 5,78 | | 24,1 | 34,1 |
| 25.jan | Engar siglingar | x | x | 10,87 | 9,45 | 11,62 | 9,58 | 33,2 | 45,9 |
| **Febrúar** | | | | | | | | | |
| 7.feb | Engar siglingar | x | x | 6,73 | 11,36 | 11,34 | 13,27 | 34,7 | 43,7 |
| 8.feb | Engar siglingar | x | x | | 8,49 | 11,67 | 7,3 | 28,4 | 38,1 |
| 14.feb | Engar siglingar seinni part | | x | | 7,12 | 7,21 | | 33,2 | 40,3 |
| 20.feb | Engar siglingar fyrri part | x | | | 7,48 | 5,17 | | 39,1 | 48,7 |
| 21.feb | Engar siglingar seinni part | | x | | 8,75 | 8,13 | | 39,1 | 49,8 |
| 22.feb | Engar siglingar | x | x | 13,17 | 8,41 | 11,57 | 7,11 | 37,7 | 49,3 |
| 25.feb | Engar siglingar fyrri part | x | | | 6,43 | 8,32 | | 35,8 | 45 |
| 26.feb | Engar siglingar | x | x | 11,19 | 8,69 | 10,44 | 8,09 | 27,1 | 32,8 |
| **Mars** | | **07:00** | **17:00** | | | | | | |
| 2.mar | Engar siglingar fyrri part | x | | | 7,9 | 13,88 | | 25,2 | 34,4 |
| 8.mar | Engar siglingar seinni part | | x | | 7,51 | 7,18 | | 22,7 | 30,4 |
| 14.mar | Engar siglingar seinni part | | x | | 10,9 | 9,5 | | 30,2 | 38,5 |
| 15.mar | Engar siglingar | x | x | 9,36 | 8,51 | 9,47 | 7,76 | 27,7 | 37,7 |

HERJÓLFUR
VESTMANNAEYJAR

“Oft á tíðum liggur Herjólfur í landi þegar skip okkar eru við veiðar á sama tíma við suðurströndina”

# Ölduhæð 2022

**Öll ölduhæð**

| | | |
|---|---|---|
| max | 13,88 | |
| min | 5,17 | * 5,17 við Grindvík, 7,48 á Surtsey og meðalvindur 39,1m/sek |
| average | 9,0 | |

**Ölduhæð þegar lægra gildið er tekið út**

| | | |
|---|---|---|
| max | 13,88 | |
| min | 6,91 | * Grindavíkur dufl úti |
| average | 9,7 | |

HERJÓLFUR
VESTMANNAEYJAR

"Oft á tíðum liggur Herjólfur í landi þegar skip okkar eru við veiðar á sama tíma við suðurströndina"

- Meðalvindur og Vindhviður

| | | |
|---|---|---|
| max | 39,1 | 49,8 |
| min | 21,4 | 30,1 |
| average | 30,1 | 39,2 |

HERJÓLFUR
VESTMANNAEYJAR

# Rafmangsferjan Herjólfur

- LAN á rafmagni 7 sjómílur
  - *1.300 kwh á legg*
- ÞOR á olíu 40 sjómílur
  - *60 l. á sjómílu*
- Ca 65% – 70% hagkvæmara að sigla á rafmagni




HERJÓLFUR
VESTMANNAEYJAR

# Orkukostnaður





# Framtíðin

- Rekstur Herjólfs þarf að vera skynsamlegur, í rekstrarlegu jafnvægi og í okkar höndum.
  - Þannig getum við aukið þjónustuna.
  - 7 ferðir á dag frá 01.03.2022
- Auknar kröfur
  - Klára Landeyjarhöfn
  - Aukin geta við dýpkun
  - Fleiri ferðir
  - Stærra skip
- 500.000 farþegar

